10. Um stofnun barnaskóla að Silungapolli.
Erindi flutt á stofnfundi foreldrafélags.

1 1/2 blað

Háttvirtu fundarmenn!

Eg hefi leyft mér ad boda ydur á þennan fund til umrædu um alvarlegt mál, svo alvarlegt, ad mér fanst ég ekki geta látid þad liggja lengur í þagnargildi og þótt ég sé síst af ydur öllum fær um ad halda rædu út af því eda nokkru ödru eda útskýra þad til hlítar, skal ég þó leyfa mér ad fara nokkrum ordum um þad, hvad ég á vid og bidja ydur svo ad athuga þad med mér og reyna ad finna einhver gód rád til þess ad gjöra því gagn.

1. Ydur öllum er kunnugt um þad, engu sídur en mér, hvernig ástandid er ordid hér í bænum med götubörnin, sem einnig eru nefnd og þad ad sumu leyti med réttu, vandrædabörnin, börnin sem engum aga venjast, læra fátt af foreldrunum, eiga svo erfitt med ad slíta sig frá sollinum og götulífinu, börnin, sem ekki einungis alast upp vid vanhirdu og líkamlega lífsþægindi, heldur og engu sídur vid óbærilega ofhledslu og þvinganir á sál þeirra og sönsum af of miklum lærdómi, <u>ádur</u> en þau hafa nægilegt þrek til ad taka á móti, mér liggur vid ad segja, helmingnum af því sem þeim er ætlad ad læra.

Eg skal strax taka þad fram, ad ég álít, ad fjöldi barna, þótt nád hafi 8 ára aldri, sé alls ekki fær um ad vera rekinn upp úr rúmi sínu kl.
7–8 ad morgni til þess ad vera komin í skólann kl. 8 og eiga ad ~~skila~~ gjöra grein fyrir kunnáttu sinni í 5–6 námsgreinum af þeim 10–12 námsgreinum sem þeim er ætlad ad hafa til lesturs viku eftir viku, mánud eftir mánud og sitja allan veturinn yfir þeim lestri í fleiri tíma á dag; þetta veit ég ad fleiri hafi séd en ég og séu mér samdóma um, ad sé ofætlun flestum börnum jafnvel þó ordin séu 10–12 ára. Þau <u>þola</u> þad beinlínis ekki; þau verda andlegir og líkamlegir lassar, löngu fyr en nokkurn varir og án þess þau eda adrir verdi þess sýnilega varir.

Mitt álit er því þetta í þessu efni: Börnin verdur ad flokka eda adgreina betur en gert er. Lærdómurinn má ekki <u>þvinga</u> þau; hann ætti ad vera, ef svo mætti ad ordi komast, þeim <u>leikur</u>, eda <u>tilbreyting</u> frá ödru starfi, t.d. hollum leikjum úti vid í hollu lífslofti og því ad hlusta á audskilda fyrirlestra um einföld og adgengileg málefni, sem vakid geta huga þeirra til rólegrar íhugunar og umfram allt bendingar og beinlínis æfingar í því vid og vid ad stjórna sér sjálf, hlýda, koma kurteislega fram og ad virda tilfinningar manna og dýra sem sínar eigin o.s.frv.

2. Þad hafa heyrzt allháværar raddir um þad í blödunum einkum sídastl. vetur, ad þörf væri á því ad eitt væri gert fyrir slík börn og bent á, ad í þessu efni:

væri þörf á sérstökum skóla fyrir slík börn, einhversstaðar hér utan við bæinn en þó ekki alt of langt frá honum, en helsti þröskuldurinn í þessu efni væri húsnæðisleysi, en nú vill svo vel til, að jeg get bent á slíkan stað og slíkt hús sem mér er óhætt að segja að fengist með alveg ótrúlega góðum kjörum. Það er Barnahæli Odd Fellowa. Húsið rúmar a. m. k. 60-70 börn, þar er alt til sem nota þarf: Húsið sjálft með hitaleiðslum um það alt, húsbúnaður, rúmstæði, rúmföt, matreiðsluáhöld, neysluvatn hið sama sem hér er í bænum o. s. frv. og alt þetta af fullkomnustu gerð.

Félagið notar þetta 2-3 mán. ársins að sumrinu til, en jeg gæti hugsað mér að þessu mætti koma þannig fyrir, að væri skóli hafður þarna að vetrinum til, gætu skólabörn þau, er þarna væru, verið þar alt árið að einhverju eða öllu leyti og að félagið gæti haft starfsemi sína þar eins fyrir því og gæti vitanlega komið til álita hvernig hægt væri að koma þessu sem best fyrir.

3. Nú er það erindi mitt til yðar, háttv. fundarmenn, að biðja yður að láta mig heyra álit yðar á þessu máli. Hvort þér álítið ekki að þörf væri fyrir slíka starfsemi. Hvort ekki væri hugsanlegt, með því að stofna félag er að þessu vildi vinna og þá einkum foreldra félagi, sem hafa gæti stuðning af hinu væntanlega barnaverndunar félagi og lögum þeim sem nú eru samin um barnavernd.